

Niðurstaða
eftirlitsnefndar um framkvæmd sáttar
Íslandspóstshf. og Samkeppniseftirlitsins
samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2017

MÁL NR. 4/2018

Þann 3. september 2019 komst eftirlitsnefnd um framkvæmd sáttar Íslandspóstshf. („ÍP“) og Samkeppniseftirlitsins samkvæmt ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2017 („nefndin“) að eftirfarandi niðurstöðu í tilefni af kvörtun Félags atvinnurekenda („kvartandi“), dags. 29. nóvember 2018, varðandi sameiningu ÍP og dótturfélagsins ÍP, ePóstshf., kt. 571212-0130 („ePóstshf.“). Málið hefur fengið málsnúmerið 4/2018 hjá nefndinni.

I. Kvörtun og meðferð máls

1.

Þann 29. nóvember 2018 sendi kvartandi erindi til nefndarinnar þar sem vísað er til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2017 frá 17. febrúar 2017 um aðgerðir til að styrkja samkeppnisaðstæður á póstmarkaði, sbr. sátt Samkeppniseftirlitsins og ÍP, sem og til kvörtunar kvartanda til nefndarinnar, dags. 12. október 2018 (í máli nr. 1/2018), þar sem þess var farið á leit við nefndina að taka til skoðunar lán Íslandspóstshf. til dótturfélags síns, ePóstshf., auk annarra dótturfélaga.

Í kvörtuninni segir að í umfjöllun Fréttablaðsins þann 24. nóvember 2018 hafi meðal annars komið fram af hálfu ÍP, að unnið væri að því að „innlima ePóst inn í móðurfélagið“. Kveðst kvartandi ekki fá betur séð en að ÍP stefni að því að brjóta gegn 9. gr. sáttarinnar, þar sem segi:

„Hefji Íslandspóstur samkeppnisstarfsemi sem er óskyld meginstarfsemi fyrirtækisins skal eftirlitsnefnd, sbr. 12. gr. sáttarinnar, taka afstöðu til þess, m.a. m.t.t. umfangs starfseminnar, hvort aðstæður krefjist þess að slík starfsemi skuli rekin í dótturfélagi. Við mat á meginstarfsemi skal m.a. hafa til hliðsjónar sambærilega starfsemi póstfyrirtækja í nágrannalöndunum auk skuldbindinga sáttarinnar að öðru leyti. Tekið skal tillit til þess ef um þróunarstarf er að ræða, sem sinnt er í samræmi við ákvæði e-liðar 6. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002.

Eigi sér stað slíkar breytingar á starfsemi, umsvifum eða stöðu dótturfélags að starfsemi þess kunni ekki lengur að hafa samkeppniseftirlitslega þýðingu getur Íslandspóstur óskað eftir álitni eftirlitsnefndar, sbr. 11. gr., á því að færa reksturinn inn í móðurfélagið samhliða því sem dótturfélagið verði lagt niður. Samþykki Samkeppniseftirlitsins verður að liggja fyrir áður en slík breyting getur átt sér stað. Er Samkeppniseftirlitinu heimilt að afla umsagnar eftirlitsnefndar áður en ákvörðun er tekin.

A.m.k. eftirfarandi starfsemi Íslandspósts skal rekin í aðskildum dótturfélögum:

a. Hraðflutningsþjónusta Íslandspósts (TNT) - TNT hraðflutningar

b. ePóstur ehf.

c. Samskipti ehf.

d. Frakt, flutningsmiðlun ehf.

e. Gagnageymslan ehf.“

Kvartandi fer þess á leit við nefndina að tekið verði til skoðunar hvort ÍP stefndi að því að færa starfsemi ePósts úr dótturfélagi, sem kvartandi telur vera þvert á skilmála sáttar ÍP við Samkeppniseftirlitið, sbr. 9. gr. sáttarinnar.

Þá óskar kvartandi eftir upplýsingum um hvort ÍP hafi óskað eftir áliti nefndarinnar fyrir því að sameina ePóst og ÍP og hvort samþykki Samkeppniseftirlitsins liggi fyrir, sbr. 2. mgr. 9. gr. sáttarinnar. Liggi slíkt samþykki fyrir óskar kvartandi eftir upplýsingum um hvort það hafi legið fyrir þegar ársreikningur ePósts fyrir árið 2017 var birtur.

Nefndin sendi kvörtunina til ÍP til andmæla og athugasemda þann 30. nóvember 2018. Í svari ÍP, dags. 18. desember 2018, er meðal annars vísað til bréfs ÍP til nefndarinnar, dags. 15. október 2018, þar sem óskað var eftir afstöðu nefndarinnar til samruna ePósts og ÍP (sbr. nánari umfjöllun um bréf ÍP, dags. 15. október 2018, hér að neðan). Í bréfi ÍP, dags. 18. desember 2018 segir jafnframt að Samkeppniseftirlitið hafi frá árinu 2017 verið upplýst um áform ÍP varðandi rekstur og meðferð ePósts. Í því sambandi vísar ÍP til greinargerða um innleiðingu sáttar, sem sendar hafi verið Samkeppniseftirlitinu og nefndinni, dags. 31. júlí 2017 og 5. janúar 2018.

Fyrirspurnum kvartanda að því er varðar hvort ÍP hafi óskað eftir áliti nefndarinnar fyrir því að sameina ePóst og ÍP og hvort samþykki Samkeppniseftirlitsins liggi fyrir, sbr. 2. mgr. 9. gr. sáttarinnar, var svarað af hálfu nefndarinnar með tölvupósti, dags. 10. janúar 2019. Þar var upplýst af hálfu nefndarinnar, að nefndin hefði ekki á þeim tíma veitt álit eða umsögn um samruna eða sameiningu ePósts og ÍP. Þá kom nefndin því á framfæri, að þess væri vænst að Samkeppniseftirlitið veitti kvartanda svör um þau atriði í bréfi kvartanda, sem að Samkeppniseftirlitinu sneru.

Nefndin sendi bréf ÍP, dags. 18. desember 2018, til kvartanda til athugasemda þann 11. janúar 2019. Í athugasemdum kvartanda, dags. 29. janúar 2019, segir að ÍP hafi hvorki óskað eftir né fengið samþykki Samkeppniseftirlitsins fyrir sameiningu ePósts og ÍP, sem þó sé áskilið í 2. mgr. 9. gr. sáttar ÍP og Samkeppniseftirlitsins. Þá hafi nefndin upplýst með tölvupósti, dags. 10. janúar 2019, að hún hefði ekki veitt álit eða umsögn um samruna ePósts og ÍP. Hafi samþykki Samkeppniseftirlitsins ekki legið fyrir þegar ePóstur var afskráður þann 13. desember 2018, svo sem upplýsingar frá fyrirtækjaskrá Ríkisskattstjóra bæru með sér, væri um að að ræða brot gegn ákvæðum 2. mgr. 9. gr. sáttarinnar. Þá segir í bréfinu að í Fréttablaðinu þann 4. janúar 2019 hafi verið greint frá því að Samkeppniseftirlitið hefði í skriflegu svari til blaðsins staðfest

að samþykki við samrunanum hefði ekki verið veitt. Þá kveður kvartandi vera ósamræmi á milli erindis ÍP, dags. 15. október 2018, annars vegar, og athugasemda ÍP, dags. 23. október 2018, hins vegar (en vikið er stuttlega að tilvitnuðum athugasemdum ÍP, dags. 23. október 2018, hér á eftir). Kvartandi kveður að samkvæmt erindi ÍP, dags. 15. október 2018, hafi sameiningin verið samþykkt þann 25. júní 2018, en að samkvæmt athugasemdum ÍP, dags. 23. október 2018, hafi ákvörðun um sameininguna legið fyrir á árinu 2017. Loks kveður kvartandi að stjórnendur ÍP hafi farið með rangt mál á opinberum vettvangi um tildrög þess að óskað var álit nefndarinnar á samrunanum og um umfang þess verkefnis.

Athugasemdir kvartanda voru sendar til ÍP til athugasemda þann 31. janúar 2019. Í tölvupósti ÍP, dags. 14. febrúar 2019, kom fram að ÍP teldi ekki að bréf kvartanda, dags. 29. janúar 2019, gæfi tilefni til frekari svara af hálfu ÍP, en af hálfu ÍP væri vísað til fyrri svara ÍP til nefndarinnar.

2.

Til skýringar er rétt að taka fram að í tengslum við meðferð máls nr. 1/2018 hjá nefndinni kom ÍP á framfæri athugasemdum, dags. 23. október 2018, við nefndina. Með bréfi ÍP til nefndarinnar fylgdi jafnframt bréf ÍP til nefndarinnar, dags. 15. október 2018, þar sem óskað var eftir afstöðu nefndarinnar til samruna ePósts og ÍP. Beiðni ÍP um afstöðu nefndarinnar til samruna ePósts og ÍP hlaut málsnúmerið 2/2018 hjá nefndinni. Í bréfi ÍP, dags. 15. október 2018, segir að í samræmi við ákvæði gr. 9 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins muni ÍP leita samþykkis Samkeppniseftirlitsins áður en rekstur ePósts verði færður inn í ÍP og dótturfélagið lagt niður. Þá vísar ÍP í bréfinu til gr. 9.5 í sáttinni, þar sem segir að ef dótturfélög ÍP, sem ekki sinni pósttengdri starfsemi, eru rekin með tapi í tvö ár í röð eða í tvö ár af þremur samliggjandi rekstrarárum, skuli leggja starfsemina niður eða selja hana frá ÍP. Þá sé í kafla 4.9 á bls. 72 í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins með sáttinni fjallað um viðbrögð við taprekstri dótturfélaga. Það sé álit ÍP að með fyrirhugaðri ráðstöfun, um sameiningu félaganna og nýtingu eigna ePósts í þágu ÍP, sé markmiðum sáttarinnar um viðbrögð við taprekstri innan dótturfélaga náð, auk þess sem samkeppnisleg þýðing ePósts sé ekki lengur fyrir hendi.

Í niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 2/2018, dags. 4. mars 2019, var talið að ÍP væri skylt að leggja starfsemi ePósts niður samkvæmt gr. 9.5 í sátt ÍP og Samkeppniseftirlitsins, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2017. Þá gerði nefndin ekki athugasemdir við sameiningu ÍP og ePósts.

3.

Nefndin telur einnig rétt að geta þess, að í athugasemdum ÍP í máli nr. 1/2018, dags. 10. janúar 2019, segir meðal annars varðandi afskráningu ePósts, að ljóst hafi verið vegna fyrirhugaðra ákvæða í sáttinni að komið gæti til þess að leggja þyrfti ePóst niður. Forsendur sem þar hafi búið að baki hafi verið kynntar sérstaklega í samskiptum við Samkeppniseftirlitið. Í greinargerð til Samkeppniseftirlitsins og nefndarinnar, dags. 5. janúar 2018, hafi verið gerð grein fyrir því að vinna við að sameina ePóst og ÍP myndi hefjast þegar ársreikningar félaganna lægju fyrir vegna ársins 2017. Í erindi til nefndarinnar, dags. 15. október 2018, hafi verið upplýst að stjórn

ÍP hefði tekið ákvörðun um að sameina félögin. Samrunaáætlun hafi verið gerð og undirrituð 25. júní 2018 og unnið hafi verið eftir henni í samræmi við þá tímafresti, sem reglur þar um gerðu ráð fyrir. Varðandi skráningu á samruna félaganna hjá fyrirtækjaskrá og afskráningu ePósts þann 13. desember 2018 kvaðst ÍP vilja að þegar samruni hafi verið staðfestur í stjórnnum félaganna þann 29. október 2018 hafi frestur til að tilkynna samrunann til fyrirtækjaskrár verið einn mánuður, en ella myndi samruninn falla niður. ÍP hafi þannig staðið frammi fyrir því að fylgja samrunaáætluninni eftir og tilkynna samrunann til fyrirtækjaskrár innan tímamarkanna eða að láta hann falla niður, fylgja ekki eftir þeim áformum, sem kynnt hafi verið í greinargerð ÍP til Samkeppniseftirlitsins og nefndarinnar þann 5. janúar 2018, og fresta samrunanum fram á árið 2019. Það hefði að sögn ÍP leitt til þess að ÍP hefði ekki fylgt eftir yfirlýsingum í hinni tilvitnuðu greinargerð auk þess sem það hefði stangast á við markmið ákvæða gr. 9.5. í sátt fyrirtækisins við Samkeppniseftirlitið, sem fjalli um taprekstur dótturfélaga. Fyrri leiðin hafi verið farin í þeirri stöðu sem uppi var, þar sem sá möguleiki hafi verið talinn fyrir hendi að skrá ePóst á ný sem einkahlutafélag, ef svo ólíklega vildi til að eftirlitsaðilar teldu ekki forsendur fyrir samruna ÍP og ePósts.

Þá er í framangreindum athugasemdum ÍP að finna eftirfarandi samantekt dagsetninga sem varða samruna ÍP og ePósts (tekin hér upp óbreytt frá ÍP):

- *Uppgjörsgdagur 01.01.18. - Frestur til þess að útbúa samrunaáætlun og undirrita hana er 6 mánuðir frá uppgjörsgdegi (30.6.2018). Samrunaáætlun Íslandspósts ohf. og ePósts ehf. var undirrituð 25.6.2018.*
- *18.07.18. - Tilkynnt var um undirritaða samrunaáætlun til fyrirtækjaskrár. Frestur til þess að tilkynna um undirritaða samrunaáætlun er einn mánuður frá undirritun eða til 25.7.2018.*
- *22.08.18. - Auglýsing um fyrirhugaðan samruna birtist í Lögbirtingablaði.*
- *29.10.18. - Samruni var staðfestur innan lögboðins frests frá birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaði. Frestur til að staðfesta samruna er í fyrsta lagi mánuði eftir birtingu auglýsingar í Lögbirtingablaði (22.9.2018) og í síðasta lagi fjórum mánuðum eftir birtingu auglýsingar (22.12.2018).*
- *21.11.18. - Tilkynnt um staðfestan samruna til fyrirtækjaskrár. Frestur til að tilkynna um staðfestingu samruna til fyrirtækjaskrár er einn mánuður frá undirritun skjala (29.11.2018).*
- *13.12.18. – Samruni félaganna skráður hjá fyrirtækjaskrá og ePóstur ehf. afskráð úr fyrirtækjaskrá.*

Nefndin telur einnig rétt að geta þess, að í bréfi ÍP til Samkeppniseftirlitsins, dags. 25. janúar 2019, sem er svar við bréfi Samkeppniseftirlitsins til ÍP, dags. 4. janúar 2019, kemur ÍP á framfæri athugasemdum og skýringum í tengslum við sameiningu ÍP og ePósts, sem framkvæmd var á árinu 2018. Í bréfinu er meðal annars staðfest að formleg afstaða nefndarinnar til sameiningar ePósts og ÍP hafi ekki legið fyrir þegar ePóstur var afskráður. Þá

hafi samþykki Samkeppniseftirlitsins fyrir því að „færa reksturinn inn í móðurfélagið“ ekki legið fyrir. Er það harmað af hálfu ÍP. Á hinn bóginn telur ÍP að líta megi svo á, að þær breytingar sem vísað er til í 1. másl. 2. mgr. 9. gr. sáttarinnar, þ.e. breytingar á starfsemi, umsvifum eða stöðu dótturfélags, hafi í raun átt sér stað löngu fyrir gerð sáttarinnar. Sá áskilnaður, sem gerður sé þar varðandi fyrirbyggjandi afstöðu nefndarinnar og um samþykki Samkeppniseftirlitsins hafi eftir atvikum ekki átt við um ePóst vegna þess að félagið teldist vart hafa rekið samkeppnisstarfsemi við gerð sáttarinnar og engin breyting hafi orðið á því eftir gerð sáttarinnar.

4.

Nefndin telur rétt að geta þess, að mál þetta var tilbúið til afgreiðslu í apríl 2019 af hálfu nefndarinnar. Afgreiðslu málsins var hins vegar frestað af hálfu nefndarinnar á meðan beðið var afstöðu Samkeppniseftirlitsins til sameiningar ÍP og ePósts ehf. Þrátt fyrir að nefndinni hafi ekki borist upplýsingar um afstöðu Samkeppniseftirlitsins að svo stöddu þykir nefndinni ekki rétt að fresta afgreiðslu málsins frekar af þeim sökum.

II. Umfjöllun nefndarinnar

1.

Nefndin hefur áður haft til skoðunar og komist að niðurstöðu í málum tengdum sameiningu ePósts og ÍP, þ.e. í máli nr. 1/2018 um kjör láns ÍP til ePósts og máli nr. 2/2018 um afstöðu nefndarinnar til sameiningar ePósts og ÍP.

Svo sem fram kemur í niðurstöðu nefndarinnar í máli nr. 2/2018 getur ÍP óskað eftir álitni nefndarinnar, samkvæmt 2. mgr. 9. gr. sáttarinnar, á því að færa rekstur dótturfélags inn í móðurfélagið samhliða því sem dótturfélagið verður lagt niður ef slíkar breytingar eiga sér stað „á starfsemi, umsvifum eða stöðu dótturfélags að starfsemi þess kunni ekki lengur að hafa samkeppnislega þýðingu“. Nefndin telur að með hinum tilvitnuðu orðum sé átt við, að ef ÍP telur ástæðu til að ætla að slíkar breytingar hafi átt sér hafi átt sér stað „á starfsemi, umsvifum eða stöðu dótturfélags að starfsemi þess kunni ekki lengur að hafa samkeppnislega þýðingu“ sé ÍP heimilt að óska eftir álitni nefndarinnar samkvæmt framangreindu. Ákvæði 2. mgr. 9. gr. sáttarinnar virðast hins vegar ekki gera ríkar kröfur í þeim efnum. Telur nefndin því að ÍP hafi verið heimilt, eins og á stóð, að óska eftir álitni nefndarinnar á því að rekstur ePósts yrði færður inn í móðurfélagið.

Nefndin áréttar, að samkvæmt 2. mgr. 9. gr. sáttarinnar verður samþykki Samkeppniseftirlitsins að liggja fyrir áður en rekstur dótturfélags ÍP er færður inn í móðurfélagið og dótturfélagið lagt niður. Í bréfi ÍP til nefndarinnar, dags. 15. október 2018, kom fram að tilkynnt sameining félaganna hefði verið samþykkt af stjórn ÍP þann 25. júní 2018. Þá mun Fyrirtækjaskrá hafa afskráð ePóst úr fyrirtækjaskrá þann 13. desember 2018. Svo sem rakið var í umfjöllun um málavexti hér framar mun ÍP hvorki hafa óskað eftir né fengið samþykki Samkeppniseftirlitsins

þegar ePóstur var sameinaður ÍP. Samkvæmt 2. mgr. 9. gr. sáttarinnar er sameining óheimil fyrir en samþykki Samkeppniseftirlitsins liggur fyrir. Þrátt fyrir að sameiningin hafi að þessu leyti verið í andstöðu við fyrirmæli 2. mgr. 9. gr. sáttarinnar telur nefndin ekki að það skuli sem slíkt hafa áhrif á afstöðu nefndarinnar til sameiningarinnar að öðru leyti.

2.

Svo sem áður greinir hefur 2. mgr. 9. gr. sáttar ÍP og Samkeppniseftirlitsins meðal annars að geyma eftirfarandi ákvæði:

„Eigi sér stað slíkar breytingar á starfsemi, umsvifum eða stöðu dótturfélags að starfsemi þess kunni ekki lengur að hafa samkeppnislega þýðingu getur Íslandspóstur óskað eftir áliti eftirlitsnefndar, sbr. 11. gr., á því að færa reksturinn inn í móðurfélagið samhliða því sem dótturfélagið verði lagt niður.“

Að mati nefndarinnar verður ekki endilega ráðið af hinum tilvitnuðu orðum, að nefndinni sé ætlað að meta efnislega hvort slíkar breytingar hafi átt sér stað „á starfsemi, umsvifum eða stöðu dótturfélags að starfsemi þess kunni ekki lengur að hafa samkeppnislega þýðingu“ að því er varðar ePóst. Í því sambandi er sérstaklega til þess að líta, að í 3. mgr. 9. gr. sáttarinnar er sérstaklega tekið fram að ePóstur skuli rekinn í aðskildu dótturfélagi og að í framhaldi ef því er eftirfarandi tekið fram í niðurlagi 9. gr. sáttarinnar:

„Eftirfarandi reglur gilda um þá starfsemi sem skilgreind hefur verið skv. þessari grein og reka skal í aðskildu dótturfélagi.“

Í framhaldinu er að finna ákvæði undir greinarliðum 9.1 til 9.5 í sáttinni, sem telja verður – í samræmi við niðurlag 9. gr. sáttarinnar – að gildi um ePóst (og aðra þá starfsemi sem skilgreind er í 9. gr. og reka skal í aðskildu dótturfélagi). Í framhaldi af því telur nefndin að ákvæði gr. 9.5 (um „*Taprekstur dótturfélaga*“) gildi um ePóst, en í 1. mgr. gr. 9.5 segir:

„Séu dótturfélög sem ekki sinna póstattengdri starfsemi rekin með tapi í tvö ár í röð eða í tvö ár af þremur samliggjandi rekstrarárum, skal leggja starfsemina niður eða selja hana frá Íslandspósti.“

3.

Kemur þá til skoðunar hvort það getur talist hafa sjálfstæða þýðingu að í hinum tilvitnuðu orðum kemur að ákvæðið taki til dótturfélaga „*sem ekki sinna póstattengdri starfsemi*“. Nefndin telur rétt að skýra niðurlag 9. gr. sáttarinnar, þ.e. orðin „*Eftirfarandi reglur gilda um þá starfsemi sem skilgreind hefur verið skv. þessari grein og reka skal í aðskildu dótturfélagi*“, með þeim hætti að ákvæði greina 9.1 – 9.5 eigi við um ePóst ehf., án sérstaks tillits til þess hvort starfsemi ePósts ehf. hafi talist póstattengd eða ekki. Nefndin telur því ekki þörf á að meta sérstaklega í þessu sambandi hvort starfsemi ePósts ehf. var eða er póstattengd.

Kemur þá til skoðunar hvort starfsemi ePósts ehf. hafi verið „*rekin með tapi í tvö ár í röð eða í tvö ár af þremur samliggjandi rekstrarárum*“, en samkvæmt ákvæðum 1. mgr. gr. 9.5 í sáttinni skal við þær aðstæður leggja starfsemina niður eða selja hana frá ÍP.

Samkvæmt ársreikningi ePósts vegna rekstrarársins 2015 nam tap félagsins það ár kr. 29.965.696,-. Samkvæmt ársreikningi ePósts vegna rekstrarársins 2016 nam tap félagsins það ár kr. 20.789.825,-. Samkvæmt ársreikningi ePósts vegna rekstrarársins 2017 nam hagnaður félagsins það ár kr. 3.437.685,-. Samkvæmt upplýsingum frá ÍP var ekki gert ráð fyrir því að gerður yrði sérstakur ársreikningur fyrir ePósts vegna ársins 2018 í ljósi sameiningar félagsins við ÍP.

Framangreindir ársreikningar eru undirritaðir af stjórn ePósts og áritaðir af endurskoðanda fyrir hönd KPMG ehf. Nefndin telur ársreikningana fullnægjandi gögn um rekstrarafkomu ePósts á framangreindum tímabilum.

Nefndin telur að með framangreindri rekstrarafkomu ePósts sé uppfyllt það skilyrði gr. 9.5 í sáttinni, að starfsemi ePósts ehf. hafi verið „*rekin með tapi í tvö ár í röð eða í tvö ár af þremur samliggjandi rekstrarárum*“. Nefndin telur að eftir atvikum geti komið til skoðunar innan hvaða tíma skuli leggja niður eða selja starfsemi frá því tímamarki þegar umrædd skilyrði eru uppfyllt. Það verður hins vegar ekki talið skipta máli hér að ÍP hafi ekki lagt niður starfsemi ePósts ehf. jafn skjótt og í ljós kom að tap hefði verið á rekstri síðarnefnds félags tvö rekstrarár í röð.

4.

Að lokum kemur til skoðunar hvort fyrir mæli gr. 9.5 í sáttinni um að „*leggja starfsemina niður*“ við áðurgreindar aðstæður svari til þess sem segir í 2. mgr. 9. gr. sáttarinnar, um að ÍP sé heimilt að óska eftir álitni nefndarinnar á því að „*færa reksturinn inn í móðurfélagið samhliða því sem dótturfélagið verði lagt niður*“. Nefndin telur svo vera og telur, eins og áður greinir, að fyrir hendi sé skylda af hálfu ÍP til að leggja starfsemi ePósts samkvæmt ákvæðum gr. 9.5. Við þær aðstæður sér nefndin ekki ástæðu til að leggja gegn því að starfsemi ePósts sé færð inn í móðurfélagið. Með vísan til alls framangreinds telur nefndin ekki ástæðu til að gera athugasemdir við sameiningu ÍP og ePósts.

5.

Í ljósi alls framangreinds er niðurstaða nefndarinnar í málinu út frá fyrirbyggjandi gögnum og upplýsingum:

1. Nefndin telur að Íslandspósti ohf. hafi verið skylt að leggja starfsemi ePósts ehf. niður samkvæmt gr. 9.5 í sátt Íslandspósts ohf. og Samkeppniseftirlitsins, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2017. Nefndin gerir ekki athugasemdir við sameiningu Íslandspósts ohf. og ePósts ehf. og sér ekki að svo stöddu ástæðu til aðgerða vegna hennar.

2. Nefndin telur að það hafi verið í andstöðu við ákvæði 2. mgr. 9. gr. sáttarinnar að Íslandspóstur ohf. aflaði ekki samþykkis Samkeppniseftirlitsins fyrir því að færa rekstur ePósts ehf. inn í Íslandspósts ohf. áður en sameining félaganna kom til framkvæmda.
3. Nefndin mun upplýsa Samkeppniseftirlitið um kvörtunina og niðurstöðu nefndarinnar.

Kvartanda er bent á að honum er unnt, að öðrum skilyrðum uppfylltum, að bera ágreining sinn og umkvartanir undir Samkeppniseftirlitið og dómstóla eftir almennum reglum uni hann ekki niðurstöðu nefndarinnar.

III. Niðurstaða

Nefndin telur að Íslandspósti ohf. hafi verið skylt að leggja starfsemi ePósts ehf. niður samkvæmt gr. 9.5 í sátt Íslandspósts ohf. og Samkeppniseftirlitsins, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2017. Nefndin gerir ekki athugasemdir við sameiningu Íslandspósts ohf. og ePósts ehf. og sér ekki að svo stöddu ástæðu til aðgerða vegna hennar.

Nefndin telur að það hafi verið í andstöðu við ákvæði 2. mgr. 9. gr. sáttarinnar að Íslandspóstur ohf. aflaði ekki samþykkis Samkeppniseftirlitsins fyrir því að færa rekstur ePósts ehf. inn í Íslandspósts ohf. áður en sameining félaganna kom til framkvæmda.

Nefndin mun upplýsa Samkeppniseftirlitið um kvörtunina og niðurstöðu nefndarinnar.

Reykjavík, 3. september 2019.

Sigrún Traustadóttir



Viðar Lúðvíksson
formaður

Hörður Jónsson

